

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 19. október 2020 kl. 11:00

Sjötti fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn mánudaginn 19. október klukkan 11:00. Fundinn var haldinn í gegnum fjarfundabúnað en hann sátu: Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Þór Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Síðasta fundargerð. Samþykkt.
2. Þing ASÍ á miðvikudag. Eina sem á að gera er að kjósa nýja stjórn/endurnýja umboð. Formaður situr þingið fyrir hönd Leiðsagnar.
3. Lenging tekjutengingar – staða. Lítið gerst. Þarf að fara ofan í þetta, gagnast þetta okkur, t.d. tekjufallsstyrkur? Óskar kannar málið varðandi stöðu einyrkja. Leiðsögn getur sótt um sem stéttarfélag. Virkja grasrótina. Vinna saman innan félagsins, stilla betur saman strengi. Vinna betur saman með þeim sem eiga samleið með okkur; sbr. samráðsvettvang ASÍ. Endilega að þróa það áfram.
4. Skrifstofan, staða og framtíð:
 - a. Bókari. PG og Óskar hittu Sonju Kjartansdóttur í vikunni og er byrjuð.
 - b. Bankar. Yfirfærsla til Íslandsbanka gengur vel en mikil vinna hefur farið í að koma bókhaldi og fjármálum í viðunandi horf. Óskar hefur varið miklum tíma í að greina vandann. Spurning um að virkja kjaranefnd betur og þau vinni með DK?
5. Styrkir til rekstaráðila – frétt frá ríkisstjórn á föstudaginn. Er þetta eitthvað fyrir Leiðsögn? Þurfum að kanna það betur. Sjá lið no. 3.
6. Skipan fulltrúa í vinnuhóp um lögvernd. Rætt, enn ákvörðun ekki tekin.
7. Endurmenntunarsjóður – haustfundur.
8. Önnur mál. Engin.

Fundi slitið klukkan 12:20